

FYLGISKJAL NR. 1005

DAGS 14.03.1983

SAMANTEKT:

Yfirlýsing frá Mosfellsbæ sem Ólafur Helgason ritar undir þar sem Ólafi Helgasyni er veitt heimild, án greiðslu gatnagerðar-, bygginga- og tengigjalda, að hafa eitt einbýlishús á lóðinni að Hamrafelli.

Hann fékk jafnframt heimild til endurbyggingar annars jafn stórs húss í þess húss sem fyrir er án greiðslu sömu gjalda og hins fyrrtalda húss.

Skal þessi heimild nýtt innan 20 ára en að þeim tíma liðnum fellur hún niður.

Að auki staðfestir hreppsnefnd að hún muni úthluta Ólafi eða þeim sem hann tiltekur leigulóð til byggingar einbýlishúss á skipulögðu svæði á landi hreppsins án greiðslu gatnagerðar- og byggingargjalds.

Að auki fær hann einnig kr. 100.000,- í tjónsbætur fyrir réttindi hans skv. byggingarbréfs frá 24.04.1947 sem fellur niður skv. yfirlýsingu Ólafs Helgasonar dagssett 14.03.1983.

YFIRLÝSING.

(2)

Láðið Olafs

Hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestir hér með að Ólafur F
n.nr. 6763-4772, Hamrafelli, Mosfellstreppi hefir heimild
eins einbýlishúss á lóð sinni að Hamrafelli án greiðslu
bygginga- og tengigjálða. Jafnframt hefir hann heimild til endur-
byggingar núverandi húss eða byggingar annars jafn stórs húss í þess
stæð, án greiðslu sömu gjalda og hins fyrrtalda húss.

ef til

Byggingar þessar og stæðsetning þeirra á lóðinni eru að öðru leyti
háðar sambykki byggingaryfirvalda.

Heimild þessi skal nýtt innan 20 ára en að þeim tíma liðnum fellur hún
niður án bóta.

Einzí fremur staðfestir hreppsnefnd að hún muní úthluta Ólafi eða þeim sem
hann tiltekur leigulóð til byggingar einbýlishúss á skipulögðu svæði á
landi hreppsins án greiðslu gatnagerðar- og byggingargjalds. Skal hún
vera sambærileg að gæðum og almennnt gerist í sama hverfi.

Umsoðkn um lóð þessa skal hafa borist innan 5 ára frá dagsetningu yfir-
lýsingar þessarar en undanþága frá gjáldskyldu fellur niður að þeim tíma
liðnum.

Að öðru leyti fer um lóð þess og byggingar á henni skv. ákvæðum um leigu-
lóðir og byggingar á þeim.

Samkomulag hefir orðið milli hreppsnefndar og Ólafs að greiða honum kr.
100.000,00 miðað við lánskjaravísitölu 359 stig í júní 1982, í tjónbætur
fyrir réttindi hans skv. byggingarbréfi og leigusamningi dags. 24.04.1947
sem nú fellur niður skv. yfirlýsingu Ólafs dags. í dag. Undanþegnar eru
húseignir Ólafs á heimalóð hans sbr. ákvæði lóðarleigusamnings 9. gr.
Greiðsla þessi skal innt af hendi þannig: helmingur í mars, helmingur í
apríl.

Ólafur staðfestir með undirskrift sinni undir yfirlýsingu þessa að
hann hafi hér með móttekið fullar og endanlegar bætur fyrir afsalaðan
rétt sinn skv. nefndu byggingarbréfi.

Mosfellsbær 14.03.1983.



Vill:

Ólafur Þórisson 6770-2719

Ólafur Þórisson